

Framhaldsaðalfundur hestamannafélaga í Borgarfirði

Stofnfundargerð.

1. Fundarsetning

Fráfarandi formaður Faxe, Kolbeinn Magnússon setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa stofnfundar sameinaðs hestamannafélags í Borgarfirði. Kolbeinn gerði svo að tillögu sinni að Ingi Tryggvason tæki við fundarstjórn og Kristján Gíslason og Gíslína Jensdóttir rituðu fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða. Bað hann því næst Þórdísi Arnardóttur að fara yfir störf nefndar þeirrar er vann að sameiningu að afloknum aðalfundum félaganna Faxe og Skugga. Fór hún yfir helstu atriði sem snertu vinnu nefndarinnar og þau gögn sem hér yrðu framlögð síðar á fundinum.

Fundarstjóri tók nú við stjórn fundarins og var gengið til boðaðrar dagskrár og var fyrst á dagskrá að afgreiða tillögu að lögum sem fyrir fundinum lágu og höfðu verið send út með fundarboði.

2. Lagabreytingar

Stefán Logi Haraldsson fráfarandi form. Skugga kynnti tillöguna sem fyrir fundinum lá og var hver grein laganna tekin til afgreiðslu sérstaklega.

Tillaga að lögum Hestamannafélagsins **Xxxxxx** í Borgarfirði

1. grein. Heiti, heimili og varnarþing

„Félagið heitir Hestamannafélagið **Xxxxxx**. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar. Heimili þess er í félagsheimili félagsins, að Vindási, í Borgarnesi. Félagið er aðili að U.M.S.B., U.M.F.Í, L.H. og Í.S.Í. og er háð lögum, reglum og samþykktum þessara samtaka.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um greinina.

Greinin samþykkt samhljóða.

2. grein. Tilgangur og markmið

„Markmið félagsins er að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum í sem víðtækastri merkingu þess orðs, stuðla að góðri meðferð hrossa og gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna.

Í samræmi við ofangreind markmið hyggst félagið vinna að eftirfarandi verkefnum:

1. Að reidvegir séu gerðir sem víðast og þannig, að önnur umferð verði til sem minnstrar hindrunar og óþæginda. Reidvegum þessum sé ávallt haldið við eins vel og efni og aðstæður leyfa.
2. Að byggja upp nauðsynleg mannvirki vegna starfsemi félagsins, svo sem velli, reidaðstöðu og félagsheimili.
3. Að halda mannvirkjum í eigu félagsins í sem bestu ástandi og tryggja góða aðstöðu fyrir mótahald og hvers konar hestaíþróttir.

4. Að halda gæðingakeppnir, íþróttamót, kappreiðar og sýningar ásamt því að leggja hrossarækt lið, svo sem kostur er hverju sinni.
5. Að vinna að því, að flutt sé á vegum félagsins fræðsluerindi um hestaíþróttir, hestaumhirðu, hrossarækt og önnur málefni á áhugasviði hestamanna innan félagsins.
6. Að stuðla að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi.
7. Að birta árlega skýrslur um helstu störf á vegum félagsins, þar verði m.a. greint frá starfsemi liðins árs og árangri félagsmanna á mótum.
8. Að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna á málum sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra, svo sem skipulags- landnýtingar- og umferðarmálum, m.a. gagnvart sveitafélögum og ríkisvaldi.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um greinina.

Marteinn Valdimarsson bar upp eftirfarandi breytingartillögu við 1. lið greinarinnar.

„2. gr. 1. liður verði:

Byggja upp reiðvegi og viðhalda reiðvegum og reiðleiðum sem víðast í Borgarfirði, með það að leiðarljósi að gera hestamönnum sem auðveldasta og hættuminnsta för um héraðið. Reiðvegum skal haldið við eins vel og efni og aðstæður leyfa hverju sinni.“

Breytingartillaga Marteins samþykkt samhljóða sem og greinin með áorðnum breytingum.

3. grein. Félagsaðild

„Félagar geta allir orðið sem þess óska og eru reiðubúnir að hlíta lögum og reglum félagsins. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda stjórn félagsins sem tekur afstöðu til hennar og skráir nýja félagsmenn. Í umsókn skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang umsækjanda, sé þess kostur. Öðlast umsækjandi full félagsréttindi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt umsóknina og þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald yfirstandandi starfsárs, enda skuldi þeir ekki félagsgjald síðustu tveggja ára í hestamannafélagi innan LH. Keppnisréttur er háður ákvæðum laga LH og ÍSÍ. Nýir félagar skulu kynntir á næsta aðalfundi. Vilji félagsmaður ganga úr félaginu skal hann tilkynna það skriflega til stjórnar. Úrsagnir skal kynna á næsta aðalfundi.

Félagar sem ekki greiða félagsgjald fyrir 30. september ár hvert, hafa ekki rétt til að taka þátt í keppnum á vegum félagsins né réttindi á fundum þess fyrr en þeir hafa greitt skuld sína. Brjótí félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu. Brottviknum félagi er heimilt að áfrýja máli sínu til næsta aðalfundar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um greinina.

Haukur Bjarnason lagði til að í stað „30. sept“ komi „1. apríl.“

Marteinn lagði til sömu breytingu.

Breytingartillagan samþykkt samhljóða og greinin með áorðnum breytingum.

4. grein. Félagsgjöld

„Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða 30. september ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Heiðursfélagar og félagsmenn 70 ára og eldri og þeir sem eru yngri en 18 ára greiða ekki

félagsgjald. Gjaldskylda hefst á því almanaksári sem félagi verður 18 ára og lýkur á því ári sem félagsmaður verður 70 ára. Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjöld sín fyrir 30. september ár hvert, teljast ekki lengur félagsmenn og verða afskráðir á næsta aðalfundi þar á eftir, hafi þeir ekki gert upp fyrir aðalfundinn.“

Haukur Bjarnason lagði til að í stað „30. sept“ í fyrstu setningu breytist í „1. apríl.“

Samþykkt samhljóða

Marteinn Valdimarsson bar upp þá tillögu að 17 ára og yngri væru gjaldskyldir enda greiða þeir til LH.

Stefán Logi fór yfir rökin fyrir tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Tillagan var felld með yfirgnæfandi fjölda greiddra atkvæða.

Guðrún Fjeldsteð vildi að skoðað væri hvort ástæða væri til að tengja félagsaðild búsetu í héraðinu. Stefán Logi fór yfir rök fyrir því að svo væri ekki. Guðmundur Skúli var alfarið á móti því að binda búsetu.

Greinin samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

5. grein. Heiðursfélagar

„Hafi einhver maður að dómi félagsstjórnar unnið félaginu sérstaklega vel eða gert félaginu svo mikið gagn að ástæða þyki til að sýna fyrir það sérstakan heiður og viðurkenningu, er stjórn félagsins heimilt að gera viðkomandi að heiðursfélaga í félaginu og skal gera grein fyrir því á aðalfundi félagsins. Heiðursfélögum skal afhent skjal, því til staðfestingar, undirritað af stjórn félagsins. Heiðursfélagar njóta sömu réttinda og aðalfélagar en verða gjaldfrjálsir frá móttöku viðurkenningar.“

Greinin samþykkt samhljóða

6. grein. Stjórn, kosningar

„Stjórn félagsins skipa átta manns: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Formaður er kosinn til eins árs í senn, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára, fjórir stjórnarmenn annað árið en þrír hitt árið. Verði stjórnarmaður kosinn formaður á miðju kjörtímabili sínu skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn og tvo til vara, til að endurskoða reikninga félagsins. Skoðunarmenn þurfa ekki að vera félagar í félaginu. Kosningar skulu vera skriflegar ef tillaga kemur um fleiri en kjósa skal.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Haukur Bjarnason spurði um slétta tölu stjórnarmanna varðandi meirihluta atkvæða. Hann gerði tillögu um að í stað „endurskoða reikninga“ komi „yfirfara reikninga“.

Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri lagði til að inn í tillöguna komi „formaður er kosinn sérstaklega“ í stað „formaður er kosinn“

Samþykkt samhljóða og greinin í heild með áorðnum breytingum.

7. grein. Starfssvið og ábyrgð stjórnarmanna.

„Formaður er fulltrúi félagsins út á við og framkvæmdastjóri þess, en stjórn félagsins getur þó ákveðið að annar stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins gegni starfi framkvæmdastjóra. Formaður er sjálfkjörinn á þing L.H. og U.M.S.B. Hann boðar til stjórnarfunda og félagsfunda eftir þörfum, en honum er þó skylt að boða til fundar ef þrír stjórnarmanna óska þess. Ritari ritar gerðabók á stjórnarfundum og og annast skjalavörslu félagsins.“

Gjaldkeri hefur fjárreiður félagsins með höndum og annast innheimtu, ávaxtar fé félagsins og annast greiðslur eftir ávísun formanns. Gjaldkera er heimilt að ráða sér til aðstoðar aðra félagsmenn við innheimtu félagsgjalda og bókhald félagsins, enda beri hann ábyrgð á því sjálfur. Að öðru leiti ákveður stjórn hverju sinni um skiptingu verkefna milli stjórnarmanna. Félagsstjórn hefur forgöngu í allri starfsemi félagsins. Þó nefndum sé falin tiltekin verkefni eru þau á ábyrgð stjórnar.

Stjórn félagsins ber að varðveita öll skjöl og gögn er geyma heimildir um störf félagsins, svo sem félagaskrá, bókhaldsgögn, samninga og bréf.

Stjórninni er heimilt að ráða félaginu framkvæmdastjóra með samþykki aðalfundar og fela honum hluta þeirra verkefna sem nefnd eru hér að framan. Stjórnin skal framkvæma ákvarðanir aðalfunda og standa skil á skýrslum til þeirra félagasamtaka sem félagið er aðili að. Heimilt er félaginu að gerast aðili að samtökum sem starfa á vettvangi sem falla undir áhugasvið, er félagið hefur á stefnuskrá sinni.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um greinina.

Guðrún Fjeldsteð ræddi um varðveislu skjala og gagna félaganna.

Greinin samþykkt samhljóða.

8. grein. Félagsfundir.

„Stjórn félagsins boðar félagsfund eins oft og þurfa þykir. Sama er, ef minnst 10% félagsmanna æskja þess skriflega til stjórnar og tilgreina fundarefni. Stjórn félagsins skal boða þessa fundi með minnst fimm daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins, með auglýsingu í dreifiriti á félagssvæðinu eða með bréflægri tilkynningu.

Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Einfaldur meirihluti skal ráða úrslitum allra mála á fundum félagsins, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

Formaður eða staðgengill hans setur fundi og lætur kjósa fundarstjóra í byrjun fundarins. Hinn kjörni fundarstjóri skal byrja á því að leggja fyrir fundinn hvort löglega hafi verið til hans boðað. Sé fundur ekki lögmætur, má boða til hans að nýju á venjulegan hátt. Félagar yngri en 18 ára hafa ekki kosningarétt eða kjörgengi á félagsfundum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Guðmundur Skúli kom með breytingartillögu um að „gjaldskyldir félagar“ komi í stað „félagar yngri en 18 ára“ Breytingartillagan felld með þorra greiddra atkvæða.

Haukur Bjarnason gerði að tillögu sinni að við greinina bætist „en málfrelsi og tillögurétt“

Samþykkt samhljóða.

Greinin samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

9. grein. Aðalfundur

„Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1. desember ár hvert og skal hann boðaður skv. ákvæðum í 8. grein, en þó með minnst 10 daga fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Fundarsetning
2. Kjör starfsmanna fundarins

3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar, um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða og áritaða af skoðunarmönnum félagsins
5. Skýrslur nefnda
6. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og skýrslur nefnda, ásamt afgreiðslu á ársreikningum
7. Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögnum félagsmanna
8. Lagabreytingar, hafi tillaga eða tillögur komið fram
9. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og nefnda.
10. Ákvörðun um félagsgjöld og hagagjöld
11. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram af fráfaramandi stjórn
12. Önnur mál, sem félagið varðar.
13. Fundarslit.“

Greinin samþykkt samhljóða.

10. grein. Reikningsár félagsins

„Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september.“

Greinin samþykkt samhljóða.

11. grein. Starfsnefndir

„Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum og setja þeim starfsreglur. Fastanefndir skulu skipaðar á aðalfundum félagsins. Skulu allar nefndir á vegum félagsins bundnar af lögum félagsins og starfslýsingum sem stjórn kann að setja þeim, á hverjum tíma. Öll fjármál nefnda skulu fara í gegnum stjórn félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um greinina.

Marteinn lagði fram svohljóðandi breytingartillögu.

„Eftirtaldar fastanefndir skulu skipaðar á aðalfundum félagsins:

Æskulýðsnefnd

Mótanefnd

Reiðvegnefnd

Vallar- og umhverfisnefnd

Laganefnd

Húsnefnd félagsheimilis

Rafmagnsnefnd

Beitarnefnd

Fræðslunefnd

Skemmtinefnd

Aðalfundur ákveður fjölda nefndarmanna hverju sinni.

Hverfi nefndarmaður úr félaginu eða forfallast til lengri tíma, skal stjórn félagsins skipa nýjan nefndarmann á fyrsta tilfallandi stjórnarfundi.

Tillagan er samþykkt með þorra atkvæða gegn einu og greinin í heild með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: Ingi Tryggvason, Guðmundur Skúli, Stefán Logi, Haukur Bjarnason.

12. grein. Aðild að íþrótt- og félagasamtökum

„Félaginu er heimilt að vera aðili að almennum samtökum hestamannafélaga í landinu. Félagið er aðili að UMSB og þar með U.M.F.Í, Landsambandi hestamannafélaga og Í.S.Í. Stjórn félagsins skal skipa fulltrúa á ársþing UMSB og á LH þing. Val stjórnar á fulltrúum á héraðsþing UMSB og LH þing skal miðast við félagsmenn skv. félagatali s.l. starfsárs. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttþings og ársþings sambandsaðila Í.S.Í. hafa þeir félagsmenn sem náð hafa 18 ára aldri sbr. 7.gr. laga Í.S.Í.“

Greinin samþykkt samhljóða.

13. grein. Þátttaka í félagarekstri

„Heimilt er að félagið taki þátt í stofnun og eigi í félögum, s.s. hlutafélögum, sem hafa það að markmiði að bæta aðstöðu og vinna að hagsmunum félagsmanna og hestamanna almennt. Þessi heimild skal háð samþykki félagsfundar hverju sinni. Stjórn félagsins skal tilnefna og/eða skipa fulltrúa félagsins á fundi slíkra félaga og í stjórnir þeirra, eftir því sem samþykktir þeirra segja fyrir um.“

Greinin samþykkt samhljóða.

14. grein. Umsýsla fasteigna félagsins

„Stjórn félagsins er óheimilt að selja fasteignir þess, kaupa fasteignir eða hefja byggingu þeirra, nema samþykki lögmaets félagsfundar komi til. Ef stjórn hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun skal geta þess í fundarboði. Heimildir samkvæmt grein þessari skal nota innan tveggja ára frá því þær eru veittar.“

Greinin samþykkt samhljóða.

15. grein. Lagabreytingar

„Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Minnst 2/3 hlutar greiddra atkvæða þarf til að tillaga um lagabreytingu teljist samþykkt. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 30. september, ár hvert og skal geta þeirra í aðalfundarboði.“

Greinin samþykkt samhljóða.

16. grein. Slit félagsins

„Félaginu verður ekki slitið eða það leyst upp, nema með samþykki aðal- eða félagsfundar, sem boðaður skal með sama hætti og aðalfundur og tillaga þess efnis fylgi fundarboði. Samþykki 2/3 fundarmanna þarf til að tillaga um slit félagsins nái fram að ganga. Verði félaginu slitið eða það leyst upp skulu eignir þess varðveittar af Borgarbyggð þar til nýtt félag, viðurkennt af L.H. hefur verið stofnað. Renna þær eignir þá til hins nýja félags, eða félags sem tekur upp hliðstæða starfsemi á starfssvæðinu.“

Greinin samþykkt samhljóða.

17. grein. Gildistaka

„Félagið varð til við sameiningu hestamannafélaganna í Borgarfirði, Faxa og Skugga, sem samþykktu bæði á aðalfundum sínum 30. nóvember 2017 að sameining félaganna færi fram með samruna þeirra og stofnun félags með nýtt nafn og ný lög.“

Lög þessi öðlast gildi á stofnfundi hins nýja sameiða félags, þriðjudaginn 16. janúar 2018.“
Greinin samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar lögina upp til samþykktar í heild sinni og voru þau samþykkt samhljóða.

3. Kosningar skoðunarmanna, stjórnar og nefnda

Fundarstjóri gaf Kolbeini Magnússyni orðið og kynnti hann tillögur að stjórn, nefndum og skoðunarmönnum.

Formaður kjörinn sér, til eins árs í senn:

Þórdís Arnardóttir

Fjórir stjórnarmenn í kjöri, til næstu tveggja ára:

Haukur Bjarnason, Marteinn Valdimarsson, Reynir Magnússon og Sigurþór Óskar Ágústsson

Þrír stjórnarmenn í kjöri, til eins árs:

Björg María Þórsdóttir, Guðrún Fjeldsted og Kristján Gíslason

Skoðunarmenn

Aðalmenn:

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir og

Þorvaldur Jónsson

Varaskoðunarmenn:

Helga Björk Þorsteinsdóttir og

Jón J. Haraldsson

Æskulýðsnefnd

Aðalmenn:

Auður Ósk Sigurþórsdóttir – formaður

Iðunn Svansdóttir

Johanna Karin Knutsson

Randi Holaker

Fjóla Veronika Guðjónsdóttir

Mótanefnd

Aðalmenn:

Baldur Árni Björnsson – formaður

Kristín Kristjánsdóttir

Gro Jorunn Hansen

Randi Holaker

Kristín Frímannsdóttir

María Magnúsdóttir

Reiðveganefnd

Aðalmenn:

Marteinn Valdimarsson – formaður

Bjarni H. Johansen

Guðjón Guðlaugsson

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson

Guðlaugur Antonsson

Umhverfis- og vallarnefnd

Aðalmenn:

Birgir Andrésson – formaður

Halldór Sigurkarlsson

Bergur Mekkinó Jónsson

Bjarki Þór Gunnarsson

Steinunn Árnadóttir

Guðmundur Skúli Halldórsson

Inga Vildís Bjarnadóttir

Helgi Björn Ólafsson

Húsnefnd félagsheimilis

Aðalmenn:

Kolbeinn Magnússon – formaður

Kristín Erla Guðmundsdóttir

Helga Björk Þorsteinsdóttir

Árni Guðjónsson

Adam Orri Vilhjálmsón

Skemmtinefnd

Aðalmenn:

Magnús Níelsson – formaður

Halldóra Jónasdóttir

Sigurður Arilíusson

Sandra Björk Bergsdóttir

Anna Sólrún Kolbeinsdóttir

Harpa Sigríður Magnúsdóttir

Sveinbjörn Eyjólfsson

Ferðanefnd

Aðalmenn:

Þorsteinn Hjaltason – formaður

Jón Eyjólfsson

Davíð Sæmundsson

Halldóra Jónasdóttir

Sigríður Arnardóttir

Firmanefnd

Aðalmenn:

Auður Ármannsdóttir – formaður

Oddur Björn Jóhannsson

Íris Ármannsdóttir

Sigríður Jóna Sigurðardóttir

Reynir Magnússon

Kaffinefnd

Aðalmenn:

María R. Eyþórsdóttir – formaður

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Bjargey Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

Harpa Sigríður Magnúsdóttir

Hildur Josteinsdóttir

Rafmagnsnefnd

Aðalmenn:

Ingi Tryggvason – formaður

Jón Ólafsson

Auður Ásta Þorsteinsdóttir

Beitarnefnd

Aðalmenn:

Ólafur Þorgeirsson – formaður

Sævar Þórisson

Sigurður Örn Sigurðsson

Magnús Ólafsson

Stefán Þór Sigurðsson

Fræðslunefnd

Aðalmenn:

Bryndís Brynjólfsdóttir – formaður

Eygló Hulda Óskarsdóttir

Baldur Pétursson

Elísabet Ýr Ottósdóttir

Uppstillingarnefnd

Aðalmenn:

Dagný Sigurðardóttir – formaður

Jóhannes Jóhannesson

Þorsteinn Eyþórsson

Laganefnd

Stjórn

Fulltrúar á UMSB þing

Stjórn

Fulltrúar á LH þing

Stjórn

4. Tillaga um árgjald og beitargjöld

Framlögð tillaga um árgjöld 2018

Stofnfundur sameinaðs hestamannafélags í Borgarfirði, haldinn 16. janúar 2018, samþykkir að árgjöld fyrir starfsárið 2018 verði:

Fullorðnir, 18 – 70 ára Kr. 7.000,- á mann

Börn og unglingar 17 ára og yngri Frítt

Félagsmenn 70 ára og eldri eru gjaldfrír frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

Heiðursfélagar eru gjaldfrír frá þeim tíma sem þeir eru kjörnir.

Greinargerð:

Innheimta árgjalda er nauðsynlegur liður í að skjóta stoðum undir rekstur félaga og auk þess ber félaginu að greiða skatta af gjaldskyldum félögum til UMSB og LH.

Innheimta árgjalda hjá félögunum Faxe og Skugga hefur verið með misjöfnum hætti og leggur framkvæmdarnefnd sameiningar félaganna til að byrjað verði á þessu gjaldi, sem síðar verður eflaust endurskoðað í komandi framtíð. Lög félagsins gera síðan ráð fyrir gjaldfrelsi barna, unglinga, félagsmanna eldri en 70 ára og sama gildir um heiðursfélaga.

Gert er síðan ráð fyrir því að seðilgjald muni bætast ofan á innheimtu í gegnum banka.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hagagjöld 2018

Framlögð tillaga um beitargjöld fyrir árið 2018.

Stofnfundur sameinaðs hestamannafélags í Borgarfirði, haldinn 16. janúar 2018, samþykkir að hagagjöld fyrir starfsárið 2018 verði:

Sumarbeit kr. 2.500,- fyrir hestinn

Haustbeit kr. 2.000,- fyrir hestinn

Heilsársbeit kr. 4.000,- fyrir hestinn

Skammtíamabeit í hesthúsahverfinu kr. 2.000,- fyrir hvert tveggja vikna tímabil.

(Miðað verði við 100-200m² svæði og sótt verði um notkun fyrir hvert tímabil.)

Greinargerð:

Ekki er gerð tillaga um hækkun á almennum beitargjöldum, frá því sem var á fyrra ári hjá Skugga, enda hefur nýting og innheimta almennt gengið vel upp.

Lagt er áfram til að gjaldtaka verði af skammtímabeit í hesthúsahverfinu, enda töluverð ásókn í það og þörf á góðri stýringu á því.

Áfram er gert ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sínum girðingum, hafi þeir haft þær áður. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum beitarhólfum sínum.

Önnur mál

Steinunn Árnadóttir tók til máls um fyrirhugað skotsvæði í landi Hamars við Bjarnhóla. Hún kynnti undirskriftalista sem hún hvatti fundarmenn til að skrifa undir.

Árni Guðjónsson tók undir orð Steinunnar og fannst umrætt svæði ekki henta starfseminni.

Kolbeinn Magnússon tók til máls og óskaði öllum til hamingju með áfangann og þakkaði samstarf liðinna ára.

Steinunn Árnadóttir lagði fram svohljóðandi ályktun um fyrirhugað skotsvæði.

„Aðalfundur nýstofnaðs hestamannafélags Borgarfjarðar og Mýrasýslu leggst gegn fyrirhuguðu skotæfingasvæði í landi Hamars og óskar eftir að önnur staðsetning verði valin fyrir skotæfingasvæði.“

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Stefán Logi Haraldsson óskaði fundarmönnum og hestamönnum öllum til, hamingju með þennan áfanga og þakkaði samstarf liðinna ára. Ræddi hann einnig fyrri aðkomu Hmf. Skugga að fyrirhuguðu skotsvæði og hvatti hinn almenna hestamann til að koma sínum mótmælum á framfæri við sveitarstjórn.

Guðrún Fjeldsteð þakkaði traust sér sýnt, sagðist vera mjög stolt af því að taka þátt í stofnun nýs félags og óskaði fundarmönnum til hamingju. Hvatti hún fráfarandi stjórnir Faxe og Skugga að koma gripum og gögnum félaganna í örugga geymslu til framtíðar svo forða megi þeim frá glötun.

Ingi Tryggvason þakkaði fráfarandi formönnum mikið starf liðinna ára. Var undir þær þakkir tekið með lófataki.

Kynning á nöfnum sem valin hafa verið til þátttöku í kosningu.

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Hestamannafélagið Fjöður

Hestamannafélagið Glampi

Hestamannafélagið Skeifa

Hestamannafélagið Taktur

Ólafur Flosason tók til máls og harmaði að ekki væru fleiri nöfn sýnd. Sveinbjörn þakkaði nefndinni vel unnin störf.

Marteinn spurði hvort koma mætti með breytingartillögu en svo er ekki. Hann óskaði félögum til hamingju með

áfangann og þakkaði sérstaklega Stefáni Loga fráfarandi formanni Skugga mikil og góð störf hans í þágu hestamanna á liðnum árum.

Fundarstjóri óskaði félaginu velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni og þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og fundarstörfin.

Nýkjörinn formaður hins sameinaða félags, Þórdís Arnardóttir, sleit síðan fundi kl. 22:53

Kristján Gíslason fundarritari